

## Minnisblað

### **Efni: Umsögn – POP up viðburðir í Fjallabyggð**

Málsnr.: 2107043

Dags.: 19.júlí 2021

Unnið af: RS

### Efni:

#### **2107043 - Hugmyndir og framkvæmd á pop up viðburðum sumarið 2021**

Síðastliðið vor þegar ákvörðun var tekin um að ekki yrðu haldnir Trilludagar 2021 var ákveðið að setja hluta þess fjármagns sem hafði verið áætlað í Trilludaga í kaup á búnaði s.s. veiðistöngum og björgunarvestum til að undirbúa sem best Trilludaga 2022 enda má gera ráð fyrir stækkandi viðburði.

Fjárheimild v. Trilludaga var kr. 2.000.000 á fjárhagsáætlun 2021, þar af er reiknað með að kaupa búnað fyrir kr. 600.000 –

Þar af leiðandi eru 1.400.000 kr. sem verða nýttar í litla viðburði (pop up) í sveitarfélaginu, sem verður skipt þannig 700.000 kr. falla í hlut hvors byggðarkjarna.

Markmiðið er að litlir viðburðir verði settir á með stuttum fyrirvara (pop up) og góðar veðurastæður eða tímasetning verði nýtt til að gleðja og glæða líf og stemmningu í bæjarkjörnum.

Skipulagðir hafa verið 7 viðburðir í sveitarfélaginu í samráði við þjónustuaðila.

#### **Ólafsfjörður allt að 700.000-**

1. **Kaupstaðarstemning í Ólafsfirði** (v. Kaupstaðarafmæli Ólafsfjarðar 2020) - Fjölskylduskemmtun á laugardaginn 31. ágúst kl. 14.30-17.00:
  - Lifandi tónlist
  - Húllandúllan verður með sýningu og húllahringjasmiðju fyrir börn og fullorðna.
  - Á svæðinu verða 2 hoppukastalar.

Reiknað er með að allir viðburðir verði úti á Strandgötunni og fer það að sjálfsögðu eftir veðri. Svæðinu lokað og settir upp bekkir eða stólar.

Tjöld höfð úti ef það er rigning.

2. **Siðsumarsvöngvar** - undir stjórn Jóns Þorsteinssonar. Tónleikar í Tjarnarborg sunnudagur 5. september kl. 14.00  
Styrkur í formi afnota af Tjarnarborg, með kaffi og kleinum.
3. Aðdragandi jóla  
**Jólakvöldið 3. desember** - fjölskylduskemmtun úti og inni.  
Húlladúllan - ljósasýning og lifandi tónlist.

Möguleiki á einum viðburði í Ólafsfirði í viðbót ef tækifæri gefst.

### **Siglufjörður allt að kr. 700.000-**

1. **Afmælistónar:** Lifandi tónlist þegar Fríða kaffihús var 5 ára.
2. **Lifandi tónlist á Torginu** á Siglufirði um verslunarmannahelgi.
3. **Krakkakaróki.** Viðburður um verslunarmannahelgi.
4. **Bryggjuball um versló:** Markmiðið með þessum tónleikum eru fyrst og fremst félagsleg og menningarleg en leitast er við að mynda jákvæð áhrif þeirra gesta sem munu heimsækja Siglufjörð um Verslunarmannahelgina sem og styrkja hin félagslegu tengsl íbúa og gesta bæjarins. Einnig er markmiðið að styðja við hið fjölbreytta og blómlega tónlistarlíf sem finna má í Fjallabyggð en það má geta þess að á meðal flytjanda sem hafa staðfest þátttöku eru tvær hljómsveitir sem gáfu út frumsamin lög fyrir sumarið.

**Lifandi tónlist síðsumars** Siglufirði (flytjendur og nákvæm tímasetning óákveðin) – áætlaður seinnipart ágúst ef veður og aðstæður leyfa.

**Í auglýsingum um viðburði þessa skal koma fram að um pop-up viðburði sé að ræða kostaðir af Fjallabyggð eða ígildi slíks viðburðar í formi styrkjar.**

Ríkey Sigurbjörnsdóttir

deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála.